



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Þýskir snillingar

11. OKTÓBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Ernster Gesang: 13'00"

Konsert fyrir fiðlu og selló eftir Brahms: 32'00"

Önnur sínfónía Schumanns: 37'00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

Þýskir snillingar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 11. OKTÓBER 2012 » 19:30

Hans Graf hljómsveitarstjóri
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari
Hans Nygaard einleikari

Wolfgang Rihm

Ernster Gesang (1996)

Johannes Brahms

Konsert fyrir fiðlu og selló í a-moll, op. 102 (1887)

Allegro

Andante

Vivace non troppo – poco meno allegro – tempo primo

Hlé

Robert Schumann

Sinfónía nr. 2 í C-dúr, op. 61 (1845-6)

Sostenuto assai – Allegro, ma non troppo

Scherzo: Allegro vivace

Adagio espressivo

Allegro molto vivace



Hans Graf

hljónsveitarstjóri

Hljónsveitarstjórinn Hans Graf (f. 1949) stundaði nám frá unga aldri á fiðlu og píanó í heimabæ sínum Marchtrenk í Austurríki og síðar stundaði hann nám við Tónlistarháskólann í Graz þar sem hann lagði stund á píanóleik og hljónsveitarstjórn. Að námi loknu sótti Graf einkatíma í hljónsveitarstjórn hjá Sergiu Celibidache og Franco Ferras. Árið 1979 vann Graf til fyrstu verðlauna í alþjóðlegu Karl Böhm hljónsveitarstjórakeppninni og urðu verðlaunin til þess að vekja mikla og verðskuldaða athygli á hinum unga hljónsveitarstjóra víða um lönd. Hans Graf gegndi stöðu aðalhljónsveitarstjóra Mozarteum hljónsveitarinnar í Salzburg á árunum 1984-94 og sömu stöðu hjá Fílharmoníusveit Calgary á árunum 1995-2003 en árið 2001 bauðst honum staða aðalhljónsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljónsveitar Houston og gegnir hann þeirri stöðu í dag. Fyrir utan starfsitt í Houston er Graf afar eftirsóttur hljónsveitarstjóri í Bandaríkjunum og Evrópu, bæði sem stjórnandi sinfóníuhljónsveita og sem óperustjórnandi.

Of langt mál yrði að telja upp alla viðkomustaði Hans Graf í starfi en meðal þeirra hljónsveita sem hann hefur unnið með má nefna Sinfóníuhljónsveitir Cleveland, San Francisco og Chicago og Fílharmoníusveitir New York og Los Angeles. Hinum megin Atlantshafs eru hljónsveitir á borð við Fílharmoníusveitir Vínarborgar og Lundúna, Concertgebouw hljónsveitin í Amsterdam og Gewandhaus hljónsveitin í Leipzig meðal þeirra sem hann stjórnar. Graf hefur hljóðritað fyrir útgáfufyrirtæki á borð við EMI, Orfeo, CBC, Erato, Capriccio og JVC.



Sigrún Eðvaldsdóttir

einleikari

Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám fimm ára gömul hjá Gígu Jóhannsdóttur í Barnamúsíkskólanum í Reykjavík. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Filadelfíu árið 1988 þar sem hún lærði hjá Jaime Laredo og Jascha Brodsky. Samhliða námi þessu sótti hún einkatíma hjá hjónunum Almitu og Roland Vamos. Sigrún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna og unnið til fjölmargra verðlauna, meðal annars bronsverðlauna í Síbeliusar-keppninni árið 1990. Árið 1992 hlaut hún Bjartsýnisverðlaun Bröste. Hún hefur komið víða fram sem einleikari og í kammertónlist, meðal annars á Marlboro-tónlistarhátíðinni í Vermont í Bandaríkjunum, L'emperi-tónlistarhátíðinni í Aix-en-Provence og Sangat-tónlistarhátíðinni í Bombay á Indlandi. Einnig er hún reglulegur gestur á hátíðinni „Music Festivals at Sea“ á vegum P&O skipafélagsins og hefur siglt um heimsins höf og heim-sótt framandi staði á þeirra vegum. Hún hefur komið fram sem einleikari í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í Lundúnum. Árið 2005 flutti hún ásamt Gerrit Schuil allar sönötur Beethovens fyrir fiðlu og píanó á Listahátíð í Reykjavík. Sigrún hefur yndi af að leika nýja tónlist og hafa nokkur tónskáld samið sérstaklega fyrir hana verk og tileinkað henni.

Sigrún hefur gegnt stöðu fyrsta konsertmeistara Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands frá árinu 1998 og hefur hún margsinnis komið fram með Sinfóníuhljómsveitinni sem einleikari, nú síðast í maí á þessu ári þar sem hún lék fiðlukonsert eftir Sjostakovitsj.



Hans Nygaard

einleikari

Danski sellóleikarinn Hans Nygaard er einn af virtustu sellóleikurum Norðurlanda. Hann nam sellóleik hjá Pierre Fournier í Genf og hjá Ralph Kirshbaum við Konunglega Tónlistarháskólann í Manchester auk þess að sækja meistaranámskeið hjá Mstislav Rostropovitsj, Paul Tortelier, Amadeus kvartettinum og Guarneri kvartettinum. Nygaard kom fyrst fram sem einleikari þegar hann var 13 ára að aldri og hefur allar götur síðan verið afar virkur sem einleikari og einnig sem kammertónlistarmaður og komið fram með mörgum af helstu hljómsveitum og kammertónlistarmönnum Evrópu og víðar. Nygaard hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín auk þess sem hann hefur unnið til verðlauna í fjölmörgum keppnum.

Auk þess að vera eftirsóttur einleikari hefur Nygaard starfað sem leiðandi sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Berlínar og Filharmóníusveit Kaupmannahafnar. Frá árinu 1999 hefur Nygaard verið meðlimur í The Kontra kvartettinum sem er með fremstu strengjakvartettum Norðurlanda. Auk starfa sem einleikari og kammertónlistarmaður er Nygaard eftirsóttur leiðbeinandi og kennir reglulega við Konservatoríið í Gent í Belgíu og við tónlistarháskólana í Berlín og Manchester og auk þess heldur hann reglulega meistaranámskeið víða um heim. Nygaard leikur á sjaldgæft ítalskt hljóðfæri sem ber nafnið „The Armitage“ og er smíðað af Carlo Giuseppe Testore árið 1692.

Upptökur með leik Hans Nygaard má finna á fjölmörgum geisladiskum frá EMI, RCA, Colombia, Classico, DR, Naxos, BIS, Danacord, Etcetera, Edel, Rondo og Voice of America.



Wolfgang Rihm

Ernster Gesang

Af tilefni þess að hartnær 100 ár voru liðin frá andláti Johannesar Brahms leitaði hljómsveitarstjórinn Wolfgang Sawallisch til þýska tónskáldsins Wolfgangs Rihm (f. 1952) og bað hann um að semja verk af því tilefni. *Ernster Gesang* er hugleiðing Rihms um Brahms en verkið er jafnframt samið um föður Rihms sem þá var nýlátinn.

Sjálfst lýsir tónskáldið Ernster Gesang á eftirfarandi hátt; „Þegar Wolfgang Sawallisch leitaði til mín og bað mig um að semja verk af því tilefni að brátt yrði öld frá andláti Brahms varð mér strax ljóst að verkið yrði innhverft og lítillátt fremur en einhver flugeldasýning í tónum. Ég ákvað fljótt að klarínettur, hornin og neðri strengir skyldu gegna stóru hlutverki í áferð og lit verksins. Í allmarga mánuði sat ég við og spilaði og söng í gegnum tónverk Brahms frá síðari hluta ferils hans og varð heillaður af hljómatengingum hans sem eru allt að því ljúfsárar. Þegar á leið sótti verk Brahms *Vier Ernste Gesänge* æ meir á mig og einhvern veginn varð það augljóst í mínum huga að verk mitt skyldi verða hugleiðing um þessi sönglög Brahms sem eru á nokkurn hátt uppgjör hans við lífið og tilveruna. Er ég hófst handa við að semja tónverk mitt fór hugur minn að reika til föður míns sem nýlega var látinn og er verkið í mínum huga ekki síður tileinkað honum.

Þó svo að tengingin við Brahms og föður minn sé sterk reyndi ég þó að halda ákveðinni fjarlægð við tengingarnar í skrifum mínum þó slíkt hafi ekki alltaf verið auðvelt.“



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Konsert fyrir fiðlu og selló op. 102 hefur hljómað fjórum sinnum áður í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Björn Ólafsson og Einar Vigfússon fluttu verkið fyrst árið 1963 en aðrir sem hafa flutt verkið eru Izhak Perlman og Lynn Harell (1976), Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran (1990) og Adele Anthony og Tsuyoshi Tsutsumi (2001).

Johannes Brahms

Konsert fyrir fiðlu og selló í a-moll, op. 102

Leiðir Johannesar Brahms (1833-1897) og fiðluleikarans Josephs Joachim lágu saman árið 1853 þegar Brahms var á tónleikaferðalagi. Með þeim tókst mikil vinátta auk þess sem þeir urðu samstarfsmenn á sviði tónlistarinnar. Brahms samdi fjölda verka með Joachim í huga sem lagði sig fram um að koma tónlist Brahms á framfæri. Meðal þeirra verka sem Brahms samdi fyrir Joachim var fiðlukonsertinn op. 77 frá árinu 1878 og hafði Brahms Joachim með í ráðum hvað varðaði skrifin fyrir einleikshljóðfærið.

Skugga bar á vináttu Brahms og Joachim þegar sá síðarnefndi stóð í skilnaði við konu sína. Brahms tók sér stöðu með eiginkonu Joachims enda taldi hann hana borna röngum sökum. Þetta varð til þess að Brahms og Joachim töluðust ekki við árum saman þó svo að Joachim hafi haldið áfram að leika verk síns forna vinar. Allt lagðist þetta þungt á Brahms sem var ekki mannblendinn og átti ekki auðvelt með að tengjast fólki vinarböndum.

Í júlí 1887 afréð Brahms að senda Joachim póstkort þaðan sem hann dvaldi sumarlangt í Sviss. Í póstkortinu sagðist Brahms vera með konsert fyrir fiðlu og selló í smíðum og spurði auðmjúkur sinn gamla vin hvort hann gæti hugsað sér að kíkja á verkið. Joachim svaraði um hæl og sagðist gjarnan vilja það og hittust þeir ásamt Robert Hausmann sellóleikara í ágústbyrjun 1887 til þess að æfa verkið. Joachim og Hausmann frumfluttu tónsmíðina í Köln þann 18. október sama ár, en konsertinn er síðasta tónverkið sem Brahms samdi fyrir hljómsveit.

Konsertinn fyrir fiðlu og selló fékk fremur dræmar viðtökur að loknum frumflutningi sem er næsta óskiljanlegt, enda verkið sérlega haganleg tónsmíð í alla staði og er reglulega flutt á tónleikasviðum um allan heim.



Robert Schumann

Sinfónía nr. 2

Framan af ferli Roberts Schumann (1810-1856) var píanóið allsráðandi þegar kom að tónsmíðum, en fyrstu 23 ópusnúmer hans eru öll fyrir píanó. Eftir að hann fékk að eiga sína heittelskuðu Klöru (Wieck) Schumann fór hið unga tónskáld að horfa til annarra verkagerða en einungis fyrir slaghörpuna.

Líf Schumanns einkenndist alla tíð af öfgum sem rekja má til andlegrar heilsu hans. Það skiptust á dimmir og djúpir dalir í lífi hans þar sem sköpunarkrafturinn var enginn og svo tímabil þar sem lífsgleðin og birtan voru allsráðandi og sköpunarkrafturinn nánast óþrjótandi. Á fyrstu árum hjónabandsins voru afköst Schumanns hreint ótrúleg. Hann samdi riflega 150 sönglög árið 1840 og árið 1841 var sinfóníska árið, 1842-43 samdi hann nánast einverðungu kammertónlist og snéri sér að tónlist fyrir söngrödd árið 1843.

Árið 1841, þegar hljómsveitartónlist átti hug hans allan, samdi hann meðal annars Sinfóníu nr. 1, *Vorsinfóníuna*, og sinfóníu í d-moll, sem var í raun önnur í röð sinfónía Schumanns en er talin nr. 4 í röðinni þar sem Schumann gerði á henni endurbætur árið 1851.

C-dúr sinfóníuna sem leikin er hér í kvöld samdi Schumann á árunum 1845-46. C-dúr sinfónían hefst á hægum og innilegum inngangi sem leiðir yfir í fjörugt og þokkafullt *allegro* og má segja að andar Schuberts og Beethovens svífi yfir vötnum. Scherzóið er í senn ákveðið og glæðlegt, en þriðji þátturinn, *adagio* er tjáningarfullur og áleitinn og vísar veginn fram á við og kemur Mahler upp í hugann. Schumann lagði á það allnokkra áherslu að binda sinfóníuna saman með vef endurtekinna stefja og þannig kynnir hann stef í sálmastíl um miðbik lokakaflans og tengir það í lok verksins við upphafsstef fyrsta kaflans sem einnig er einskonar sálmalag. Kröftugt marsstef lokakaflans vísar því fyrir þessum tveimur samofnu kórölum í gullfalegu niðurlagi verksins.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfónía nr. 2 í C-dúr, op. 61 er nú flutt í þriðja sinn af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður hafa þeir Karolos Trikolídis (1984) og Justin Brown (2003) stjórnað flutningi verksins.

Hljómsveit á tónleikum

11. október 2012

1. FIDLA

Qing Li
Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIDLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir
Mark Reedman
Greta Guðnadóttir
Greta Salome Stefánsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Helga Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Auður Ingvadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Eydis Franzdóttir

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson
Rúnar Vilbergsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson

TÓNLEIKAKYNNINGAR MEÐ NÝJU SNIÐI

Í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á tólf tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa súpu, brauð og kaffi. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu.

Tónleikakynningar í gulri og rauðri röð eru í umsjá Helga Jónssonar tónlistarfræðings en tónleikakynningar í grænni röð eru í umsjá Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Gula röðin - kynningar

Austurrískir tónjöfrar Fim. 20.09.12

Pohjonen spilar Mozart Fim. 15.11.12

Haydn, Mozart og Grieg Fös. 18.01.13

Skoska sínfónían og Wagner Fös. 05.04.13

Rauða röðin - kynningar

Upphafstónleikar Fim. 13.09.12

Þýskir snillingar Fim. 11.10.12

Mahler og Bernstein Fim. 24.01.13

Vorblót Fim. 11.04.13

Græna röðin - kynningar

Fröst snýr aftur Fim. 04.10.12

Víkingur spilar Keisarakonsertinn

Fim. 08.11.12

Dráumórasinfónían Fim. 14.03.13

Mendelssohn og Tsjajkovskij Fim. 16.05.13



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



VÍKINGUR, KEISARAKONSERTINN OG KRISTUR Á OLÍUFJALLINU

Fim. 08. NÓV. '12 » 19:30

Fös. 09. NÓV. '12 » 19:30

Víkingur Heiðar Ólafsson flytur Keisarakonsertinn, síðasta píanókonsert Beethovens. Konsertinn er tignarlegur og gerir miklar kröfur til einleikarans. Óratórían Kristur á Olíufjallinu verður einnig flutt, nú í fyrsta sinn á Íslandi, af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvurum í fremstu röð.

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn

Ludwig van Beethoven *Kristur á Olíufjallinu*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Herdís Anna Jónasdóttir,

Sveinn Dúa Hjörleifsson og

Jóhann Smári Sævarsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

EFTIRLEIKUR 08.11. » 22:00

Olivier Messiaen *Et exspecto resurrectionem mortuorum*

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00